

Mánudaginn 19. des. 1927.

Nr. 78/1927. **Ólafur Gíslason & Co.** (B. P. Johnson)
 gegn

**Hinriki Halldórssyni og Magnúsi
 Jónssyni** (Enginn).

Ómerkingardómur.

Dómur aukarjettar Hafnarfjarðar 27. júlí 1927:
 Máli þessu vísað frá rjettinum. — Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Stefndir hafa ekki mætt í málinu og var þó lög-
 lega stefnt. Hefir málið því verið rekið skriflega
 samkv. 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkv.
 N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. janúar 1796.

Samkv. 2. gr. laga nr. 2/1882 sbr. 10. gr. tilsk.
 20. janúar 1797 eru víxilmál undanþegin sátta-
 umleitun, á hvern hátt sem þau eru rekin.

Sækjanda er heimilt, en ekki skylt, að fara með
 víxilmál fyrir gestarjett, hvort heldur sem gestur
 eða samkv. lögum nr. 33/1911, og í seinna fallinu
 þó því að eins að víxillinn eigi samkvæmt ákvæði
 á honum sjálfum að greiðast á tilteknum stað, en
 svo var ekki ástatt um víxil þann, er hjer um ræðir.

Hjeraðsdómarann brast því heimild til að vísa
 málinu frá aukarjettinum, fyrir þá sök að það hafði
 eigi áður verið lagt til sátta. Verður þess vegna að
 ómerkja dóminn og skylda dómarann til þess að taka
 málið upp af nýju og dæma það að efni til.

Það þykir ekki ástæða til að dæma hjeraðsdóm-
 arann til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir
 hæstarjetti, eins og farið hefir verið fram á. Aftur
 á móti verður ekki komist hjá að dæma aðalstefnda,
 sem heldur ekki mætti í málinu í hjeraði, til þess,

samkvæmt kröfu áfrýjanda, að greiða honum málskostnað fyrir hæstarjetti og þykir hann hæfilega ákveðinn 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn á að vera ómerkur og ber dómaranum að taka málið upp af nýju og leggja dóm á það að efni til.

Stefndi, Hinrik Halldórsson, greiði áfrýjandanum, Ólafi Guðslasyni & Co., málskostnað fyrir hæstarjetti með 150 kr. að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. des. 1927.

Nr. 68/1927. **Hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Kort Eyvindssyni (Enginn).

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu var upphatlega skotið til hæstarjettar með áfrýjunarstefnu útgefinni 14. desbr. 1926, að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 26. nóvbr. s. á., en málinu var þá ex officio vísað frá rjettinum með dómi uppkveðnum 15. júní þ. á., með því að fjárfrafa sú, er málið er risið af, nam ekki 25 kr. Nú hefir málinu á ný verið skotið til hæstarjettar með stefnu útgefinni 7. sept. þ. á., án þess að aflað hafi verið nýs áfrýjunarleyfis.

Eins og hjer stóð á mátti að vísu samkv. 3. málsg. 28. gr. laga nr. 22, 6. oktbr. 1919 áfrýja málinu á ný samkvæmt hinu upphatlega leyfisbrjefi, en þá varð að taka út áfrýjunarstefnu innan 4 vikna